


ÁRSSKÝRSLA HÆSTARÉTTAR ÍSLANDS

2000





Hér getur að líta ársskýrslu Hæstaréttar Íslands í annað sinn. Í henni er að finna upplýsingar um starfsemi réttarins á árinu 2000.

Í janúar 2001

Áslaug Árnadóttir
skrifstofustjóri
Hæstaréttar Íslands

I. Inngangur

Samkvæmt 10. gr. dansk-íslensku sambandslaganna nr. 39/1918 skyldi Hæstiréttur Danmerkur hafa á hendi æðsta dómssvald í íslenskum málum, þar til Ísland kynni að ákveða að stofna æðsta dómstól í landinu sjálfu. Þessi heimild var notuð umsvifalaust og var Hæstiréttur Íslands stofnaður með lögum nr. 22/1919 um hæstarétt. Samhliða því að dómssvald Hæstaréttar Danmerkur var afnumið var Landsyfirrétturinn, sem settur hafði verið á stofn árið 1800, lagður niður og hafa dómstigin í landinu síðan verið tvö. Hæstiréttur Íslands tók til starfa 16. febrúar 1920.

Um Hæstarétt er nú kveðið á í lögum nr. 15/1998 um dómstóla. Samkvæmt 1. gr. laganna er Hæstiréttur Íslands æðsti dómstóll ríkisins. Hann er áfrýjunardómstóll og hefur aðsetur í Reykjavík. Heimilt er þó að halda dómþing annars staðar sé til þess sérstök ástæða. Þar sem Hæstiréttur er áfrýjunar- eða málskotsdómstóll felast verkefni hans einkum í því að endurskoða dómssathafnir héraðsdómstólanna, sem eru alls átta talsins. Aðrir dómstólar eru Félagsdómur og Landsdómur og verður úrlausnum þeirra yfirleitt ekki skotið til Hæstaréttar.

Málum verður skotið til Hæstaréttar með tvenns konar hætti: Annars vegar með áfrýjun máls, hins vegar með kæru. Með áfrýjun er átt við það, að lokaúrlausn héraðsdóms, sem venjulega er í formi dóms, sé skotið til Hæstaréttar til endurskoðunar. Til þess að máli verði áfrýjað þarf að vera fyrir hendi heimild til þess í lögum og er áfrýjunarheimildirnar að finna í XXV. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og XVIII. kafla laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Í lögnum eru áfrýjunarheimildirnar skilgreindar neikvætt á þá leið, að almennt er heimilt að áfrýja máli nema sérstök atvik eigi við. Eru það einkum mál sem varða lágjar fjárhæðir sem sæta takmörkunum að þessu leyti, en Hæstiréttur getur þó einnig heimilað áfrýjun slíkra mála að nánar tilteknum skilyrðum fullnægðum.

Með kæru er almennt átt við það, að úrlausn héraðsdómstóls, sem ekki bindur endi á mál að efni til og yfirleitt er í formi úrskurðar eða ákvörðunar, sé skotið til Hæstaréttar. Hér má til dæmis nefna úrskurði héraðsdómara um hvort hann víki sæti í máli og úrskurði um gæsluvarðhald. Í sumum tilvikum verður þó endanlegum úrlausnum héraðsdómstóla skotið til Hæstaréttar með kæru, en ekki með áfrýjun, einkum úrlausnum sem varða gildi svokallaðra fullnustugerða sýslumanna, t.d. aðfarargerða og nauðungarsölu. Heimildir til kæru er einkum að finna í í XXIV. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og XVII. kafla laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, en einnig í ýmsum sérlögum, t.d. lögum nr. 90/1989 um aðför og lögum nr. 90/1991 um nauðungarsölu.

Áfrýjuð mál eru almennt flutt munnlega fyrir Hæstarétti. Eftir ákvörðun forseta Hæstaréttar taka þrjú eða fimm dómáramur við Hæstarétt þátt í meðferð máls fyrir dómi. Í sérstaklega mikilvægum málum getur forseti þó ákveðið að sjö dómáramur skipi dóm. Meðferð kærúamála er mjög frábrugðin meðferð áfrýjaðra mála. Felast frávikin aðallega í því að málsmeðferð er skrifleg og gengur mun skjótar fyrir sig en ella.

Dómar Hæstaréttar eru endanlegir og verður þeim ekki skotið til neins annars dómstóls. Mál sem dæmt hefur verið í Hæstarétti verður því aðeins endurskoðað, að Hæstiréttur ákveði að málið skuli endurupptekið og tekið til meðferðar að nýju. Heimildum til endurupptöku mála er almennt skorinn nokkuð þröngur stakkur og er þær að finna í XXII. kafla laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála og XXVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.


Nánari upplýsingar um sögu Hæstaréttar, starfsemi, starfsfólk og dómhús réttarins má finna á heimasíðu réttarins undir hnappinum: UM HÆSTARÉTT. Þá hefur verið gefinn út á vegum réttarins litprentaður bæklingur, þar sem stiklað er á stóru í sögu réttarins, starfsemi hans reifuð og húsakostur kynntur.

II. Starfsemi réttarins

Ný mál árið 2000

Hér gefur að líta fjölda þeirra mála sem bárust Hæstarétti á árinu 2000. Til samanburðar eru birtar tölur fyrir árin 1988 og 1996-1999. Málunum er annars vegar skipt í áfrýjuð mál, sem flutt eru munnlega fyrir réttinum og kærumál, sem eru skriflega flutt. Hins vegar er málunum skipt eftir því hvort um er að ræða einkamál eða opinber mál

Svo sem sjá má af þessum hefur áfrýjuðum málum fjölgað nokkuð frá árinu 1999 en á móti kemur að kærumál voru mun færri en á fyrra ári og heildarfjöldi mála því minni en oft áður. Skýrist þessi þróun að hluta til af fækkun kæra í tengslum við rekstur opinberra mála, en slíkum kærum fjölgaði mjög á árinu 1999 í tengslum við viðamiklar rannsóknir lögreglu á því ári, auk þess sem nokkur óvissa var þá uppi um rétt verjanda sakbornings til aðgangs að sakargögnum.



1988 1996 1997 1998 1999 2000


Áfrýjun:


Einkamál	253	217	254	265	223	235
Opinber mál	65	82	75	75	58	63

Kæur:

Einkamál	41	117	104	105	111	81
Opinber mál	39	59	91	66	113	84
Samtals	398	475	524	511	505	463

- Kærðir úrskurðir í opinberum málum
- Kærðir úrskurðir í einkamálum
- Áfrýjaðir dómur í opinberum málum
- Áfrýjaðir dómur í einkamálum





Dómar á árinu 2000


Hér að neðan er að finna yfirlit um fjölda dæmdra mála í Hæstarétti á árinu 2000. Til samanburðar eru birtar tölur fyrir árin 1988 og 1996-1999. Er málunum sem fyrr skipt í áfrýjuð mál og kærumál.

Alls var meðferð 419 mála lokið á árinu og er það nokkur fækkun frá fyrra ári. Af 252 munnlega fluttum málum var eitt mál flutt fyrir 7 dómurum, 84 mál voru flutt fyrir 5 dómurum en 167 mál voru flutt fyrir 3 dómurum. Dómarar skiluðu sératkvæði 45 sinnum á árinu. Í sératkvæðum sínum voru viðkomandi dómarar 14 sinnum sammála niðurstöðu meirihlutans, með öðrum rökstuðningi, en í 31 tilviki var sératkvæði skilað vegna annarrar efnislegrar niðurstöðu.

	1988	1996	1997	1998	1999	2000
Áfrýjun:						
Dómar í einkamálum	109	260	200	230	264	200
Dómar í opinberum málum	52	75	60	56	88	54

	1988	1996	1997	1998	1999	2000
Kæur:						
Dómar í einkamálum	38	117	98	111	103	84
Dómar í opinberum málum	36	51	82	61	111	81
Samtals	235	503	440	458	566	419

Dómar 1988 og 1996-2000



Skipting dæmdra mála eftir málsúrslitum á árinu 2000


Eftirfarandi er skipting dæmdra mála á árinu 2000 eftir málsúrslitum. Er málunum sem fyrr skipt í áfrýjuð mál og kærumál.

Áfrýjun


Einkamál


Heildarfjöldi áfrýjaðra einkamála sem dæmd voru á árinu 2000 er 200 mál. Þar af var niðurstaða héraðsdóms staðfest í 102 málum. Í 30 málum var niðurstöðu héraðsdóms breytt að einhverju leyti og í 53 málum var niðurstöðu héraðsdóms breytt að verulegu leyti eða snúið við. Í 15 tilvikum var málum vísað frá, þau felld niður eða héraðsdómur ómerktur.

Dómar í einkamálum



- Staðfest
- Breytt að verulegu leyti eða snúið við
- Ómerking eða frávísun frá héraðsdómi eða Hæstarétti
- Breytt að einhverju leyti






Opinber mál

Alls voru dómar í opinberum áfrýjuðum málum 54 á árinu 2000. Þar af var niðurstaða héraðsdóms staðfest í helmingi mála eða 27 sinnum. Niðurstöðu héraðsdóms var breytt að einhverju leyti í 13 málum og eru þar með taldar breytingar á refsingum. Í 12 málum til viðbótar var niðurstöðu héraðsdóms breytt að verulegu leyti eða snúið við. Tveimur málum var vísað frá eða þau felld niður.

Dómar í opinberum málum




- Staðfest
- Breytt að einhverju leyti
- Breytt að verulegu leyti eða snúið við
- Annað: ómerking, frávísun, niðurfelling.

Kæurur


Alls voru 165 mál kærð til Hæstaréttar á árinu 2000. Þar af var niðurstaða héraðsdóms staðfest eða staðfest að mestu í 120 málum. Niðurstöðu héraðsdóms var breytt að verulegu leyti eða snúið við í 31 máli og 12 málum var vísað frá héraðsdómi eða Hæstarétti eða meðferð þeirra ómerkt. Tvær kæurur sem bárust á árinu voru afturkallaðar.

Kæurur



- Staðfest
- Breytt að verulegu leyti eða snúið við
- Ómerking eða frávísun frá héraðsdómi eða Hæstarétti
- Afturköllun





Ódæmd mál 31. desember 2000

Áfrýjanir

Eftirfarandi er yfirlit yfir ódæmd mál sem áfrýjað hafði verið til Hæstaréttar fyrir 31. desember 2000. Til samanburðar eru tölur frá 1999.

Ódæmdum áfrýjunarmálum fækkaði nokkuð milli árunna 1998 og 1999 en talan hélst óbreytt milli árunna 1999 og 2000. Þá hafa afar litlar breytingar hafa orðið á fjölda ódæmdra opinberra mála milli ára.

Ódæmd mál 31. desember	1999	2000
Áfrýjun		
<i>Einkamál:</i>		
Alls ódæmd	90 mál	90 mál
Par af:		
Frestað til flutnings	40 mál	66 mál
Frestað til þingfestingar eða greinargerðar	50 mál	24 mál
<i>Opinber mál:</i>		
Alls ódæmd	11 mál	13 mál
Par af:		
Tilbúin til flutnings	5 mál	8 mál
Ágrip ekki komið	6 mál	5 mál

Kæurur

Eftirfarandi er yfirlit yfir ódæmd kærur mál sem skotið hafði verið til Hæstaréttar fyrir 31. desember 2000. Til samanburðar eru tölur frá 1999.

Ódæmd mál 31. desember	1999	2000
<i>Kæurur:</i>		
Alls ódæmd	10 mál	4 mál

Endurupptaka mála


Niðurstöður héraðsdóma sem ekki hefur verið áfrýjað og mála sem dæmd hafa verið í Hæstarétti verða því aðeins endurskoðaðar, að Hæstiréttur ákveði að málið skuli endurupptekið og tekið til meðferðar að nýju. Heimildum til endurupptöku mála er almennt skorinn nokkuð þröngur stakkur og er þær að finna í XXII. kafla laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála og XXVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Á árinu 2000 bárust Hæstarétti alls 12 beiðnir um endurupptöku óáfrýjaðra héraðsdóma og hæstaréttardóma. Af þessum beiðnum voru 2 samþykktar en 10 hafnað.

Áfrýjunarleyfi

Eins og nánar greinir í inngangi skýrslunnar er heimildir til áfrýjunar mála til Hæstaréttar að finna í XXV. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og XVIII. kafla laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Almennt er heimilt að áfrýja máli nema sérstök atvik eigi við. Eru það einkum mál sem varða lágar fjárhæðir (á árinu 2000 var miðað við mál sem vörðuðu fjárkröfur eða sektir lægri en 354.520 krónur) sem sæta takmörkunum að þessu leyti. Getur Hæstiréttur þó heimilað áfrýjun slíkra mála að nánar tilteknum skilyrðum fullnægðum. Eftirfarandi er yfirlit yfir fjölda mála þar sem áfrýjun var heimiluð sérstaklega af Hæstarétti. Til samanburðar eru tölur frá árunum 1996-1999.



Ár:	1996	1997	1998	1999	2000
Fjöldi beiðna	52	68	54	63	50
Samþykkt	24	35	14	24	17
Hafnað	21	26	32	34	26
Afturkallað/óafgreitt	7	7	8	5	7



III. Önnur starfsemi Hæstaréttar

Prófmál

Þann 1. júlí 2000 rann út frestur til að ljúka prófraun til öflunar málflytningsréttinda fyrir Hæstarétti samkvæmt eldri reglum, en við gildistöku laga nr. 77/1998 um lögmennt þann 1. janúar 1999 var skilyrðum til að öðlast réttindi til flytnings mála fyrir Hæstarétti breytt nokkuð. Fólu breytingarnar meðal annars í sér að prófmálum var fækkað úr þremur í tvö, gerðar voru auknar kröfur um starfsreynslu og ákvæði um lágmarksaldur til að hljóta réttindin afnumin. Þá fólu lögin það nýmæli í sér að umsókn um að þreyta prófraun skal nú beint til sérstakrar prófnefndar sem í sitja þrjú menn, tveir nefndarmanna tilnefndir af Hæstarétti og einn af Lögmannafélagi Íslands. Áfram eru það þeir dómendur Hæstaréttar, sem skipa dóm í viðkomandi máli, sem meta hvort umsækjandi hafi staðist prófraunina. Á árinu 2000 bárust 12 umsóknir um að þreyta prófmál fyrir réttinum samkvæmt eldra fyrirkomulaginu. Voru 10 umsóknir samþykktar en 2 hafnað. Alls luku 5 héraðsdómslögmennt prófraun á grundvelli eldri laga. Jafnframt fluttu 12 prófmenn samtals 14 prófmál samkvæmt hinu nýja fyrirkomulagi á árinu og þar á meðal voru 6 héraðsdómslögmennt sem luku prófraun. Í heild voru 9 lögmenntum veitt réttindi til flytnings mála fyrir Hæstarétti á árinu.

Tilnefningar

Á hverju ári tilnefnir Hæstiréttur Íslands í fjölda stjórna, ráða og nefnda á grundvelli ákvæða laga. Eftirfarandi er yfirlit yfir tilnefningar og skipanir réttarins á árinu 2000.

9. júní 2000

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála skv. lögum nr. 8/1993:

Aðalmaður:
Erla S. Árnadóttir hrl.
Varamaður:
Lárus L. Blöndal hrl.

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála-ad hoc í tveimur málum:

Helgi I. Jónsson, héraðsdómari,
formaður

Gerðardómur skv. 1. mgr. 39. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar:

Aðalmenn:
Magnús Thoroddsen hrl.
Lárus Elíasson verkfræðingur

21. júní 2000

Yfirmatsnefnd skv. 7. gr. laga nr. 21/2000 um breytingu á ábúðarlögum nr. 64/1976:

Aðalmaður:
Friðgeir Björnsson dómstjóri, formaður

31. júlí 2000

Yfirmatsnefnd skv. 7. gr. laga nr. 21/2000 um breytingu á ábúðarlögum nr. 64/1976:

Varamaður:
Arngrímur Ísberg héraðsdómari

Stjórn Persónuverndar skv. 3. mgr. 36. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga:

Aðalmaður:
Haraldur Briem læknir
Varamaður:
Vilhelmína Haraldsdóttir læknir

Úrskurðarnefnd heilbrigðismála — ad hoc:

Lúðvík Ólafsson læknir

Kærunefnd jafnréttismála skv. lögum nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla:

Aðalmenn:
Andri Árnason hrl., formaður.
Ragnheiður Thorlacius lögfræðingur,
varaformaður
Varamenn:
Björn L. Bergsson hrl.
Erla S. Árnadóttir hrl.

1. nóvember 2000

Dómnefnd skv. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla:

Arnliótur Björnsson fyrrverandi
hæstaréttardómari

Úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála skv. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof:

Aðalmenn:
Guðný Björnsdóttir hdl.
Jóhanna Jónasdóttir heimilislæknir
Varamenn:
Ragnheiður Benediktsdóttir hdl.
Ósk Ingvarsdóttir kvensjúkdómalæknir

Úrskurðarnefnd laga um Viðlagatryggingu Íslands skv. lögum nr. 55/1992:

Arnliótur Björnsson fyrrverandi
hæstaréttardómari

16. nóvember 2000

Dómnefnd um hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara skv. 3. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla:

Aðalmaður:
Arnliótur Björnsson fyrrverandi
hæstaréttardómari
Varamaður:
Haraldur Henrysson hæstaréttardómari




Aukatekjur Hæstaréttar

Á grundvelli laga nr. 88/1991 um aukatekjur ríkissjóðs innheimtir Hæstaréttur aukatekjur fyrir ríkissjóð. Er skipting tekna ársins 2000 eftirfarandi:

Útgáfa áfrýjunarstefna	3.093.500
Þingfestingar mála	847.000
Endurrit	193.300
Útgáfa áfrýjunarleyfa	115.000
Samtals kr.	4.248.800

Aukatekjur Hæstaréttar



IV. Starfsmenn, dómarmar og varadómarmar

Starfsfólk Hæstaréttar 2000

Frá stofnun Hæstaréttar hafa 38 menn verið skipaðir í embætti hæstaréttardómara. Þar af voru 17 dómarmar skipaðir í embætti á árunum 1980-2000, 10 dómarmar á árunum 1960-1980, en einungis hlutu 11 dómarmar skipun á þeim 40 árum sem liðu frá stofnun réttarins árið 1920 til ársins 1960. Helgast þessi fjölgun á skipunum hæstaréttardómara meðal annars af því að reglur um fjölda hæstaréttardómara hafa breyst í gegnum tíðina. Þegar Hæstiréttur Íslands var stofnaður skyldi dómstjóri og fjórir meðdómendur skipa dóminn. Mátti þá eigi setja dóm með færri dómendum en fimm. Dómurum við Hæstarétt var fækkað í þrjú með lögum nr. 37/1924. Með lögum nr. 111/1935 var dómurum aftur fjölgað í fimm, en þeir skyldu þó aðeins vera þrír, þangað til fé yrði veitt í fjárlögum til fjölgunar dómurum. Komst það til framkvæmda 1945. Dómurum var fjölgað með lögum nr. 42/1973 í sex, en fimm dómarmar skyldu þá skipa dóm. Þó var heimilt að þrír dómarmar dæmdu í málum við tiltekin skilyrði. Með lögum nr. 24/1979 var dómurum fjölgað í sjö og enn var dómurum fjölgað í átta, með lögum 67/1982. Með lögum nr. 39/1994 var dómurum síðan fjölgað í níu. Á árinu 2000 höfðu eftirtaldir dómarmar fasta skipun í embætti hæstaréttardómara:

Arnlfótur Björnsson
(til 1. september 2000)
Garðar Gíslason
Guðrún Erlendsdóttir
Gunnlaugur Claessen
Haraldur Henrysson
Hjörtur Torfason
Hrafn Bragason
Markús Sigurbjörnsson
Pétur Kr. Hafstein
Árni Kolbeinsson
(frá 1. nóvember 2000)


Á árinu 2000 var Garðar Gíslason forseti Hæstaréttar, en Guðrún Erlendsdóttir varaforseti réttarins. Símon Sigvaldason er skipaður skrifstofustjóri Hæstaréttar, en hann fór í tveggja ára leyfi í desember og Áslaug Árnadóttir var sett tímabundið í embættið í hans stað.

Eftirtaldir átta varadómarmar voru kallaðir til starfa á árinu:

Arnlfótur Björnsson fyrrverandi hæstaréttardómari
Björn Þ. Guðmundsson prófessor
Eiríkur Tómasson prófessor
Ólafur Börkur Þorvaldsson dómstjóri
Páll Sigurðsson prófessor
Sigurður Línalal prófessor
Stefán Már Stefánsson prófessor
Viðar Már Matthíasson prófessor
(settur í embættið 17. janúar- 29. febrúar)

Á árinu 2000 störfuðu alls 22 fastráðnir starfsmenn við störf hjá Hæstarétti Íslands, en þar af voru tíu dómarmar. Annað starfsfólk Hæstaréttar á árinu 2000 var:

Arnar Þór Jónsson aðstoðarmaður hæstaréttardómara
Áslaug Árnadóttir aðstoðarmaður hæstaréttardómara
Ásta Kristjánsdóttir aðstoðarmaður hæstaréttardómara
Berglind Ósk Agnarsdóttir ræstingarmaður
Guðmundur Guðmundsson dómvörður
Guðmundur Karlsson dómvörður
Haukur Guðmundsson aðstoðarmaður hæstaréttardómara
Jakobína Sveinsdóttir bókasafnsfræðingur
Katrín Björk Skaftadóttir ræstingarmaður
Kristín Guðmundsdóttir ritari
Kristín Ísleifsdóttir ritari
Sigrún Káradóttir ritari
Símon Sigvaldason skrifstofustjóri
Skúli Magnússon aðstoðarmaður hæstaréttardómara




V. Heimasíða Hæstaréttar

Hæstiréttur opnaði heimasíðu sína á netinu í janúar 1999. Var það aðallega gert í því skyni að gera dóma réttarins aðgengilega fyrir sem flesta.

Á heimasíðu Hæstaréttar er að finna ýmis konar upplýsingar um starfsemi réttarins, sem bæði gagnast lögfræðingum og almenningi. Á árinu 2000 voru gerðar nokkrar breytingar á uppsetningu vefsíðunnar með það fyrir augum að auðvelda aðgang og leit. Eftirfarandi er yfirlit yfir helstu efnisþætti heimasíðunnar:

1. Undir liðnum DÓMAR birtast allar dómar, sem kveðnir eru upp af réttinum auk þeirra héraðsdóma eða annarra úrlausna héraðsdóms sem til endurskoðunar hafa verið. Á heimasíðunni er nú að finna þá dóma sem kveðnir hafa verið upp frá 1. janúar 1999, og eru þeir flokkaðir eftir uppkvaðningardegi. Frá upphafi hefur verið miðað við að dómar, sem kveðnir eru upp á reglulegum dómþingum á fimmtudögum kl. 16:00, skyldu birtir á síðunni kl. 16:30 sama dag. Dómar í kærumálum eru settir inn á síðuna strax að lokinni uppkvaðningu, eða eins fljótt og auðið er.
2. Undir liðnum ÁFRÝJUÐ MÁL er yfirlit yfir dómsuppkvaðningar og dagskrá réttarins. Þá er þar einnig að finna skrá yfir mál, sem áfrýjað hefur verið til réttarsins. Allar breytingar eru færðar inn á heimasíðuna strax og þær liggja fyrir.
3. Undir liðnum LÖG OG REGLUR eru þau lög sem mæla fyrir um starfsemi réttarins. Þá eru þar vistaðar reglur um dómgerðir í einkamálum og opinberum málum sem og málgögn í einkamálum og í opinberum málum, en reglur þessar lýsa í hvern búning málum skal komið fyrir meðferð þeirra í Hæstarétti. Þá er þar að finna reglugerð um málaskrá, auk yfirlits yfir meginreglur um áfrýjanir og kærur mála til Hæstaréttar.
4. Undir liðnum UM HÆSTARÉTT er að finna ýmsar hagnýtar upplýsingar um réttinn, æviágrip dómara og fyrrverandi hæstaréttardómara, lista yfir starfsmenn réttarins og upplýsingar um netföng dómara og starfsmanna. Þá er þar að finna yfirlit yfir sögu dómstóla á Íslandi frá 930 til okkar tíma.




Einnig gefur þar að líta umfjöllun um dómhús Hæstaréttar við Arnarhól og frásögn af aðdraganda að byggingu þess. Gestum á heimasíðu Hæstaréttar gefst þar jafnframt kostur á að skoða bækling, sem gefinn hefur verið út um sögu réttarins, starfsemi hans og dómhúsið, og ársskýrslur Hæstaréttar. Á árinu 2000 var bætt við þennan lið dómaraatali frá 1920, en þar er að finna yfirlit yfir alla dómara Hæstaréttar Íslands frá upphafi. Gerð er grein fyrir skipun þeirra eða setningu í embætti sem og lausn þeirra frá embætti auk þess sem þar má finna upplýsingar um það hver fór með handhöfn embættis forseta Hæstaréttar á hverjum tíma.

5. Á heimasíðu Hæstaréttar er LEITARVÉL sem gerir mögulegt að leita í dómum Hæstaréttar frá 1. janúar 1999. Hægt er að leita eftir málnúmerum, lykilorðum, dómstexta og málsaðilum. Leitarvélin hefur verið endurbætt nokkuð eftir að vefsíðan var opnuð og í lok ársins 2000 hófst smíði á nýrri og öflugri leitarvél.

6. Á heimasíðunni gefst öllum kostur á að senda réttinum fyrirspurnir með TÖLVUPÓSTI. Hefur þessi þjónusta mælst vel fyrir og verið nokkuð mikið notuð.
7. Þá er að finna á heimasíðu Hæstaréttar lista yfir áhugaverðar heimasíður sem innihalda TENG TEFNI.

Ekkert gjald er tekið fyrir uppflettingar á heimasíðunni. Hefur síðunni verið mjög vel tekið bæði af lögfræðingum og öðrum og hefur tilkoma hennar bætt til muna aðgang almennings að dómum Hæstaréttar og stuðlað að aukinni umræðu um dómsmál í þjóðfélaginu. Á árinu 2000 voru uppflettingar um það bil 370.000 og er það svipað því sem var árið 1999. Liðurinn DÓMAR var heimsóttur oftast, eða um 225.000 sinnum. Liðurinn LEITARVÉL átti um 74.000 uppflettingar og ÁFRYJÐ MÁL 42.000.

Á næsta ári er stefnt að því að hefja birtingu á völdum ákvörðunum réttarins, t.d. að því er varðar endurupptöku mála.



VI. Önnur útgáfa á vegum Hæstaréttar

Dómasafn Hæstaréttar og registur



Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla skulu dómur Hæstaréttar gefnir út, en um tilhögun útgáfunnar fer eftir ákvörðun Hæstaréttar að fengnu samþykki dómsmálaráðherra. Dómasafn Hæstaréttar hefur verið gefið út á prenti frá því rétturinn tók til starfa árið 1920 og mun verða svo áfram. Eins og fram hefur komið eru dómur Hæstaréttar einnig birtir á vefsíðu réttarins frá og með upphafi ársins 1999.

Samhliða því sem útgáfa hæstaréttardóma á netinu var tekin upp í upphafi árs 1999 var ákveðið að hætta útgáfu árlegs registurs hæstaréttardóma frá og með því ári. Má rekja þá ákvörðun til þess að

fyrirsjáanlegt er að leit í vefútgáfu hæstaréttardóma muni verða auðveld og skilvirk í nánustu framtíð ekki hvað síst með tilkomu nýrrar og endurbættrar leitarvélar sem væntanleg er á vefsíðu réttarsins. Er hefðbundnu registri, sem í er að finna málaskrá, nafnaskrá, skrá yfir lagatiltvitnanir og atriðisorðaskrá með reifunum dóma, því augljóslega ofaukið að svo komnu máli.

Bæklingur Hæstaréttar

Gefinn er út á vegum Hæstaréttar litprentaður bæklingur, þar sem stiklað er á stóru í sögu réttarins, starfsemi hans reifuð og dómhús við Arnahól kynnt. Bæklingurinn er gefinn út á íslensku og ensku og er fánlegur endurgjaldslaust á skrifstofu Hæstaréttar.



Hæstiréttur Íslands
Dómhúsinu við Arnarhól
150 Reykjavík
sími: 510-3030, fax: 562-3995
netfang: haestirettur@haestirettur.is